{³¹⁸} Texta 4. mgr. var bætt við með ákvörðun nr. 41/2006 (Stjtið. ESB L 147, 1.6.2006, bls. 64 og EES-viðbætur nr. 28, 1.6.2006, bls. 28), gildistaka 8.6.2006. Hún kemur til framkvæmda frá 1.1.2006. Orðunum „5. mgr. b“ var síðar skipt út fyrir orðin „6. mgr. b“ með ákvörðun nr. 80/2010 (Stjtið. ESB L 244, 16.9.2010, bls. 41 og EES-viðbætur nr. 49, 16.9.2010, bls. 40), gildistaka 12.6.2010. Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2010.

{³¹⁹} Texta 5. mgr. var bætt við með ákvörðun nr. 80/2010 (Stjtið. ESB L 244, 16.9.2010, bls. 41 og EES-viðbætur nr. 49, 16.9.2010, bls. 40), gildistaka 12.6.2010. Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2010.

{³²⁰} Texta 5. mgr. a var bætt við með ákvörðun nr. 162/2016 (Stjtið. ESB L 73, 15.3.2018, bls. 36 og EES-viðbætur nr. 16, 15.3.2018, bls. 41), gildistaka 9.7.2016. Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2016.

{³²¹} Inngangsmálsliðnum var breytt með ákvörðun nr. 100/2000 (Stjtið. EB L 7, 11.1.2001, bls. 32 og EES-viðbætur nr. 2, 11.1.2001, bls. 18), gildistaka 15.12.2000. Var síðar endurnúmeraður með ákvörðun nr. 41/2006 (Stjtið. ESB L 147, 1.6.2006, bls. 64 og EES-viðbætur nr. 28, 1.6.2006, bls. 28), gildistaka 8.6.2006. Hún kemur til framkvæmda frá 1.1.2006. 5. mgr. var síðar endurnúmeruð sem 6. mgr. með ákvörðun nr. 80/2010 (Stjtið. ESB L 244, 16.9.2010, bls. 41 og EES-viðbætur nr. 49, 16.9.2010, bls. 40), gildistaka 12.6.2010. Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2010.

{³²²} Inngangsmálsliðnum, a-lið, var bætt við með ákvörðun nr. 41/2006 (Stjtið. ESB L 147, 1.6.2006, bls. 64 og EES-viðbætur nr. 28, 1.6.2006, bls. 28), gildistaka 8.6.2006. Hún kemur til framkvæmda frá 1.1.2006.

{³²³} Undirlíðnum var bætt við með ákvörðun nr. 98/97 (Stjtið. EB L 193, 9.7.1998, bls. 55 og EES-viðbætur nr. 27, 9.7.1998, bls. 107), gildistaka 13.12.1997.

{³²⁴} Undirlíðnum var bætt við með ákvörðun nr. 100/2000 (Stjtið. EB L 7, 11.1.2000, bls. 32 og EES-viðbætur nr. 2, 11.1.2000, bls. 18), gildistaka 15.12.2000.

{³²⁵} Undirlíðnum og orðunum „eins og henni var breytt með:“ hér að framan var bætt við með ákvörðun nr. 86/2003 (Stjtið. ESB L 257, 9.10.2003, bls. 44 og EES-viðbætur nr. 51, 9.10.2003, bls. 29), gildistaka 21.6.2003. Hún kemur til framkvæmda frá 1.1.2003.

{³²⁶} Undirlíðnum var bætt við með ákvörðun nr. 90/2004 (Stjtið. ESB L 349, 25.11.2004, bls. 52 og EES-viðbætur nr. 59, 25.11.2004, bls. 26), gildistaka 9.6.2004.

{³²⁷} Undirlíðnum var bætt við með ákvörðun nr. 107/2005 (Stjtið. ESB L 306, 24.11.2005, bls. 45 og EES-viðbætur nr. 60, 24.11.2005, bls. 28), gildistaka 9.7.2005.

{³²⁸} Undirlíðnum var bætt við með ákvörðun nr. 100/2000 (Stjtið. EB L 7, 11.1.2000, bls. 32 og EES-viðbætur nr. 2, 11.1.2000, bls. 18), gildistaka 15.12.2000.

-^{329} **32002D2045** - Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2045/2002/EB frá 21. október 2002 (Stjtið. EB L 316, 20.11.2002, bls. 1),

-^{330} **32004D0786** - Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 786/2004/EB frá 21. apríl 2004 (Stjtið. ESB L 138, 30.4.2004, bls. 7),

-^{331} **32004R0885** - Reglugerð ráðsins (EB) nr. 885/2004 frá 26. apríl 2004 (Stjtið. ESB L 168, 1.5.2004, bls. 1).

b) ^{332} með tilliti til þátttöku frá 1. janúar 2006:

- **32004D0387** - Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/387/EB frá 21. apríl 2004 um rekstrarsamhæfða, samevrópska, rafræna þjónustu hins opinbera við opinberar stjórnsýslustofnanir, fyrirtæki og borgara (IDABC) (Stjtið. ESB L 144, 30.4.2004, bls. 65), eins og hún var leiðrétt í Stjtið. ESB L 181, 18.5.1.2004, bls. 25.

-^{333} **32008D0049** - Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/49/EB frá 12. desember 2007 um framkvæmd upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn (IMI) að því er varðar vernd persónuupplýsinga (Stjtið. ESB L 13, 16.1.2008, bls. 18).

c) ^{334} með tilliti til þátttöku frá 1. janúar 2010:

- **32009D0922** - Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 922/2009/EB frá 16. september 2009 um rekstrarsamhæfðislausnir fyrir opinberar stjórnsýslustofnanir í Evrópu (Stjtið. ESB L 260, 3.10.2009, bls. 20).

d) ^{335} með tilliti til þátttöku frá 1. janúar 2016:

- **32015D2240** - Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2240 frá 25. nóvember 2015 um að koma á fót áætlun um rekstrarsamhæfðislausnir og sameiginlega ramma fyrir opinberar stjórnsýslustofnanir, fyrirtæki og borgara í Evrópu (ISA2-áætlunin) sem leið til að nútímavæða hið opinbera (Stjtið. ESB L 318, 4.12.2015, bls. 1).

Stjórnvöld í Liechtenstein þurfa hvorki að taka þátt í áætluninni né að veita fjárframlög til hennar.

18. gr. ^{336}

Skipti milli stjórnsýslustofnana á embættismönnum

1. EFTA-ríkin skulu frá 1. janúar 1999 taka þátt í þeim hlutum er varða EES í aðgerðaáætlun Bandalagsins og áætluninni sem um getur í 4. mgr.

^{329} Undirliðnum og orðunum „eins og henni var breytt með:“ hér að framan var bætt við með ákvörðun nr. 86/2003 (Stjtið. ESB L 257, 9.10.2003, bls. 44 og EES-viðbætur nr. 51, 9.10.2003, bls. 29), gildistaka 21.6.2003. Hún kemur til framkvæmda frá 1.1.2003.

^{330} Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 90/2004 (Stjtið. ESB L 349, 25.11.2004, bls. 52 og EES-viðbætur nr. 59, 25.11.2004, bls. 26), gildistaka 9.6.2004.

^{331} Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 107/2005 (Stjtið. ESB L 306, 24.11.2005, bls. 45 og EES-viðbætur nr. 60, 24.11.2005, bls. 28), gildistaka 9.7.2005.

^{332} Texta b-liðar var bætt við með ákvörðun nr. 41/2006 (Stjtið. ESB L 147, 1.6.2006, bls. 64 og EES-viðbætur nr. 28, 1.6.2006, bls. 28), gildistaka 8.6.2006. Hún kemur til framkvæmda frá 1.1.2006.

^{333} Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 109/2008 (Stjtið. ESB L 309, 20.11.2008, bls. 39 og EES-viðbætur nr. 70, 20.11.2008, bls. 28), gildistaka 9.9.2010. Texti liðarins (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/49/EB) var felldur brott með ákvörðun nr. 102/2015 (Stjtið. ESB L 211, 4.8.2016, bls. 55 og EES-viðbætur nr. 42, 4.8.2016, bls. 53), gildistöku er beðið.

^{334} Texta c-liðar var bætt við með ákvörðun nr. 80/2010 (Stjtið. ESB L 244, 16.9.2010, bls. 41 og EES-viðbætur nr. 49, 16.9.2010, bls. 40), gildistaka 12.6.2010. Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2010.

^{335} Texta d-liðar var bætt við með ákvörðun nr. 162/2016 (Stjtið. ESB L 73, 15.3.2018, bls. 36 og EES-viðbætur nr. 16, 15.3.2018, bls. 41), gildistaka 9.7.2016. Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2016.

^{336} Greininni var bætt við með ákvörðun nr. 24/1999 (Stjtið. EB L 148, 22.6.2000, bls. 49 og EES-viðbætur nr. 28, 22.6.2000, bls. 256), gildistaka 27.2.1999.

2. EFTA-ríkin skulu leggja fram fé til aðgerðaáætlunar Bandalagsins og áætlunarinnar sem um getur í 4. mgr. í samræmi við a-lið 1. mgr. 82. gr. samningsins.
3. EFTA-ríkin skulu frá upphafi samstarfs í aðgerðaáætluninni og áætluninni sem um getur í 4. mgr. taka fullan þátt í nefnd EB sem aðstoðar framkvæmdastjórn EB við stjórnun eða mótun aðgerðaáætlunarinnar og áætlunarinnar að svo miklu leyti sem nefndinni er falið að fjalla um málefni sem falla undir gildissvið samningsins.
4. Eftirfarandi gerðir Bandalagsins svo og gerðir sem af þeim leiða falla undir þessa grein:
 - **392D0481** - Ákvörðun ráðsins 92/481/EBE frá 22. september 1992 um samþykkt aðgerðaáætlunar um skipti milli stjórnsýslustofnana aðildarríkjanna á embættismönnum sem eiga að sjá um framkvæmd Bandalagslöggjafar sem er nauðsynleg til þess að innri markaðurinn komist á (Stjtið. EB L 286, 1.10.1992, bls. 65), eins og henni var breytt með:
 - **398D0889** - Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 889/98/EB frá 7. apríl 1998 (Stjtið. EB L 126, 28.4.1998, bls. 6).

19. gr. {³³⁷}

Dregið úr efnahagslegu og félagslegu misræmi

1. Samningsaðilar skulu efla samvinnu sína til að draga úr efnahagslegu og félagslegu misræmi á EES með fjárframlögum frá EFTA/EES-ríkjunum. Í því skyni skal fjármagnssjóður stofnaður fyrir tímabilið 1999-2003.
2. Á grundvelli c-liðar 1. mgr. 82. gr. samningsins og með fyrirvara um tilhögunina sem kveðið er á um í 4. viðbæti við þessa bókun skulu EFTA/EES-ríkin leggja fram 119,6 milljón evrur til samstarfsins sem um getur í 1. gr. hér að framan. Þetta fjárframlag skal lagt fram til skuldbindingar í fimm jöfnum hlutum árlega.

20. gr. {³³⁸}

Að bæta samkeppnishæfni og félagslega og efnahagslega samleitni og samheldni samkvæmt InvestEU-áætlun Evrópusambandsins

1. EFTA-ríkin skulu frá 1. janúar 2022 taka þátt í starfsemi sem kann að leiða af eftirfarandi lagagerð Sambandsins:
 - **32021R0523** - Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/523 frá 24. mars 2021 um að koma á fót InvestEU-áætlun Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerð (ESB) 2015/1017 (Stjtið. ESB L 107, 26.3.2021, bls. 30).
2. EFTA-ríkin skulu ekki taka þátt í InvestEU-ráðgjafasetrinu.
3. EFTA-ríkin geta valið að taka þátt í einni eða fleiri fjármálaafurðum undir ESB-hluta InvestEU-sjóðsins. Framlag EFTA-ríkjanna skal byggjast á áhættusniði þeirra fjármálaafurða sem þau kjósa að taka þátt í. Framlag EFTA-ríkjanna skal hækka ESB-ábyrgðina.
4. Við útreikning á fjárframlagi EFTA-ríkjanna til InvestEU-sjóðsins skal hlutfallsstuðullinn, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 82. gr. EES-samningsins um fjárlagaliði, ekki gilda. Í samræmi við 8. gr. bókunar 32 skulu EFTA-ríkin gera framlagssamninga við ESB sem framkvæmdastjórnin er í forsvari fyrir. Með framlagssamningunum skal ákvarða fjárhæðir fjárframlaga EFTA-ríkjanna til ESB-ábyrgðarinnar, mæla fyrir um skilmála og skilyrði fyrir notkun þessa framlags, ákvarða tíðni og fjárhæðir greiðslu framlagsins og setja reglur um endurgreiðslu ónotaðra fjármuna og tekna til EFTA-ríkjanna.

^{337} Greininni var bætt við með ákvörðun nr. 47/2000 (Stjtið. EB L 174, 13.7.2000, bls. 59 og EES-viðbætur nr. 32, 13.7.2000, bls. 8), gildistaka 1.1.2001.

^{338} Greininni var bætt við með ákvörðun nr. 226/2022 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 9.7.2022. Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2022.

5. Þegar framlag EFTA-ríkjanna til ESB-ábyrgðarinnar er ekki að veita fullnægjandi tryggingu í reiðufé, þ.e. tryggingin er undir 100%, skulu EFTA-ríkin skuldbinda sig til að standa straum af viðkomandi ábyrgðarskuldbindingum með óafturkallanlegri, skilyrðislausri og óbundinni bakábyrgð. Bakábyrgðin skal veitt á sama tíma og framlagssamningur er undirritaður.
6. Liechtenstein skal undanþegið þátttöku í þessari áætlun og fjárframlagi til hennar.

1. VIÐBÆTIR VIÐ BÓKUN 31 ^{339}

HELIOS II - VINNUÁÆTLUN 1995

1. SAMRÁÐSNEFNDIR ⁽¹⁾

- (1) Ákvörðun ráðsins 93/136/EBE frá 25. febrúar 1993 um þriðju aðgerðaáætlun Bandalagsins um aðstoð við fatlaða (Stj. tíð. EB nr. L 56, 9.3.1993, bls. 30).

Full þátttaka með sömu skilyrðum og EB-aðildarríki, nema hvað varðar hugsanlega tilhögun atkvæðagreiðslu og málefni sem um er fjallað í þeim þætti vinnuáætlunarinnar sem ber yfirskriftina „Fjármálaáætlun“.

1.1. RÁÐGJAFANEFND - þrjár fundir.

- tveir ríkisstjórnarfulltrúar frá hverju EFTA-ríki.

1.2. EVRÓPSKUR UMRÆÐUHÓPUR UM MÁLEFNI FATLAÐRA - þrjár fundir.

- tólf starfandi evrópsk frjáls félagasamtök (NGO) sem eru málsvavar fatlaðra og samtaka fatlaðra í EFTA-ríkjunum,
- tveir starfandi fulltrúar aðila vinnumarkaðarins sem eru málsvavar aðila vinnumarkaðarins í EFTA-ríkjunum,
- einn fulltrúi innlendra frjálsra félagasamtaka (NGO) eða landsráðs fatlaðra sem tilnefndur er af hverju EFTA-ríki.

^{339} Viðbætinum var bætt við með ákvörðun nr. 35/95 (Stj. tíð. EB L 205, 31.8.1995, bls. 39 og EES-viðbætur nr. 32, 31.8.1995, bls. 1), gildistaka 1.2.1996.

- 1.3. SAMRÁÐSHÓPUR - þrír fundir.
- einn ríkisstjórnarfulltrúi frá hverju EFTA-ríki,
 - einn aðili sem er málsvari innlendra frjálsra félagasamtaka (NGO) og landsráða fatlaðra sem eiga aðild að umræðuhópnum.
2. VINNUHÓPAR ⁽²⁾
- ⁽²⁾ Ákvörðun ráðsins 94/782/EB frá 6. desember 1994 um frekari þróun Handynet-kerfisins innan ramma þeirrar starfsemi sem nú fer fram í tengslum við fyrstu eininguna varðandi tæknileg hjálpartæki (Stjtið. EB nr. L 316, 9.12.1994, bls. 42).
- Full þátttaka með sömu skilyrðum og EB-aðildarríki, nema hvað varðar hugsanlega tilhögun atkvæðagreiðslu og málefni sem um er fjallað í þeim þætti vinnuáætlunarinnar sem ber yfirskriftina "Fjármálaáætlun".
- 2.1. HANDYNET-HÓPUR SEM ANNAST TÆKNILEGA SAMRÆMINGU - þrír fundir
- einn fulltrúi frá sérhverri innlendra samræmingarstöð (NCC).
- 2.2. HANDYNET-ÍÐORÐAHÓPUR - þrír fundir
- einn fulltrúi frá hverju EFTA-ríki.
- 2.3. HELIOS-VINNUHÓPUR UM BLÖNDUN Á SVIÐI MENNTUNAR - þrír fundir
- tveir ríkisstjórnarfulltrúar frá hverju EFTA-ríki.
- 2.4. HELIOS-VINNUHÓPUR UM ATVINNUMÁL - þrír fundir
- einn ríkisstjórnarfulltrúi frá hverju EFTA-ríki.
- 2.5. HELIOS-VINNUHÓPAR UM SJÁLFSTÆTT LÍFERNI
- Íþróttir - tveir fundir
 - tveir fulltrúar frá innlendra íþróttanefnd fyrir fatlaða í hverju EFTA-ríki
 - Hreyfanleiki og flutningar - tveir fundir
 - tveir ríkisstjórnarfulltrúar frá hverju EFTA-ríki
 - Ferðamál - tveir fundir
 - þrír fulltrúar frjálsra félagasamtaka (NGO) og ferðasamtaka í hverju EFTA-ríki.
3. SAMSKIPTAÆÐGERÐIR ⁽³⁾
- ⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins 93/136/EBE frá 25. febrúar 1993 um þriðju aðgerðaáætlun Bandalagsins um aðstoð við fatlaða (Stjtið. EB nr. L 56, 9.3.1993, bls. 30).
- 3.1. Framkvæmdastjórnin skal láta hverju EFTA-ríki í té upplýsingar um forgangspæmu, vinnu sem tengist þeim og niðurstöður.
- 3.2. EFTA-ríkjum skal boðið að tilnefna aðila til að taka þátt í námskeiðum með samræðusniði eða ráðstefnum sem haldnar verða fyrir fulltrúa „aðgerðanna“ til að draga ályktanir af því sem áunnist hefur á árinu.

- 3.3. Skipulagning og undirbúningur vegna innfellingar á „aðgerðum“ í EFTA-ríkjunum í áætluninni frá 1. janúar 1996, sem eru:
- Tilnefning „aðgerða“ af hálfu stjórnvalda EFTA-ríkjanna fyrir 30. september 1995 - fjögur svið: endurhæfing fatlaðra, blöndun á sviði menntunar, efnahags- og félagsleg blöndun og sjálfstætt líferni (fjöldi „aðgerða“ hefur ekki verið ákveðinn).
 - Upphafsfundur (samræðufundur) vegna „aðgerða“ á hverju sviði og ákvarðanir um þátttöku í einstaka þemaverkefnum.

4. HANDYNET

Full þátttaka með sömu skilyrðum og EB-aðildarríki með það að markmiði að láta gagnagrunninn taka til ítarlegra upplýsinga sem varða öll EFTA-ríkin fyrir 1. janúar 1996:

- Innlendu samræmingarstöðvarnar (NCC) skulu safna upplýsingum og senda þær til Helios-sérfræðingahópsins.
- Helios-sérfræðingahópurinn skal setja upplýsingar inn á lesgeisladiskinn (CD-ROM) og senda út uppfærða lesgeisladiska (þrisvar sinnum á árinu) - innlendu samræmingarstöðvunum og gagnasöfnunarstöðvunum (DCC) að kostnaðarlausu.
- Upplýsinga- og ráðgjafastöðvarnar (IAC) skulu veita fötluðum aðgang að lesgeisladiskum, gegnum netkerfi, o.s.frv.

5. SAMSTARF VIÐ FRJÁLSU FÉLAGASAMTÖKIN (NGO) ⁽⁴⁾

⁽⁴⁾ Ákvörðun ráðsins 93/136/EBE frá 25. febrúar 1993 um þriðju aðgerðaáætlun Bandalagsins um aðstoð við fatlaða (Stjútíð. EB nr. L 56, 9.3.1993, bls. 30).

5.1. Framkvæmdastjórnin skal láta hverju EFTA-ríki í té upplýsingar um efni og tímasetningu viðburða sem frjálsu félagasamtökin skipuleggja og sem fá fjárstuðning

(allt að 50%, með fyrirvara um ákveðið hámark) samkvæmt annari Helios-áætluninni (Evrópuáætlanir sem lagðar eru til af sérhverri hinna tólf evrópsku frjálsu félagasamtaka í umræðuhópnum).

5.2. Fulltrúum EFTA-ríkjanna, frjálsra félagasamtaka, o.s.frv. skal boðið að vera viðstaddir viðburði sem takmarkast ekki við sérstök samtök.

5.3. Frjálsu evrópsku félagasamtökin skulu meta beiðnir um að fella inn í Evrópuáætlanirnar fyrir árið 1996 viðburði sem verða skipulagðir og haldnir í EFTA-ríkjum og kynna framkvæmdastjórninni álit sem lagt verður fram til endanlegrar ákvörðunar. (Viðburðir samkvæmt Evrópuáætluninni fá styrk sem nemur allt að 50% af heildarkostnaði, með fyrirvara um ákveðið hámark).

6. AÐGERÐIR TIL AÐ EFLA VITUND ALMENNINGS

6.1. Framkvæmdastjórnin skal dreifa Helioscope (Helios-tímarit), Helios Flash og öðrum gögnum til samtaka og einstaklinga í EFTA-ríkjunum samkvæmt beiðni.

6.2. Árlegur dagur fatlaðra (3. desember ár hvert) - samtökum og einstaklingum í EFTA-ríkjunum skal boðið að taka þátt í viðburðum á evrópskum vettvangi.

6.3. Helios-samkeppni og verðlaun - þátttaka í árlegu ráðstefnunni.

6.4. Upplýsingastandar (ráðstefnur, sýningar, o.s.frv.)

Staðir í EFTA-ríkjunum sem íhuga skal hvort eigi að fella inn í ársáætlunina.

6.5. Innlendum Helios-upplýsingadagur.

1996

1 & 2 SAMRÁÐSNEFNDIR OG VINNUHÓPAR

Þátttaka eins og árið 1995, en framkvæmdastjórnin skal greiða kostnað þátttakenda á eftirfarandi grundvelli:

Ríkisstjórnarfulltrúar - ferðakostnaður

Aðrir - ferðakostnaður, dvalarstyrkur og styrkur vegna ófyrirsjáanlegra útgjalda.

Ef þátttakandi er í fylgd annars einstaklings vegna fötlunar sinnar mun kostnaður í tengslum við hann greiddur á sama grundvelli og kostnaður fyrir þátttakanda.

3. SAMSKIPTAÁÐGERÐIR

Full þátttaka með sömu skilyrðum og EB-aðildarríkin, þar með talin þátttaka fulltrúa tiltekinna „aðgerða“ í:

- skoðunarferðum, þjálfunarnámskeiðum o.s.frv. sem eru skipulögð til að fylgja eftir ákveðnum þemaverkefnum - framkvæmdastjórnin skal greiða allan kostnað, með fyrirvara um hámarksfjárhæð, fyrir hverja „aðgerð“, og
- námskeiðum með samræðusniði eða ráðstefnum sem eru haldnar í árslok. Framkvæmdastjórnin skal greiða allan kostnað.

4. HANDYNET - sama og fyrir árið 1995.

5. SAMSTARF VIÐ FRJÁLSU FÉLAGASAMTÖKIN (NGO)

Full þátttaka með sömu skilyrðum og EB-aðildarríkin, þar með taldir eftirfarandi aðilar:

5.1. Fulltrúar fjálsra félagasamtaka (NGO) og landsráð fatlaðra sem eru aðilar að umræðuhópunum sem skulu:

- skipuleggja innlenda ráðstefnu sem varðar hagsmuni Evrópu um forgangsbema annarrar Helios-áætlunarinnar - framkvæmdastjórnin greiðir 50% af kostnaði, með fyrirvara um ákveðið hámark,
- taka þátt í innlendum upplýsingadegi - framkvæmdastjórnin greiðir allan kostnað, með fyrirvara um ákveðið hámark.

5.2. Evrópsk fjáls félagasamtök (NGO) - Evrópuáætlanir sem skulu taka til viðburða sem eru skipulagðir og haldnir í EFTA-ríkjunum.

6. ÁÐGERÐIR TIL AÐ EFLA VITUND ALMENNINGS

6.1. Sama og fyrir árið 1995.

6.2. Helios-samkeppni og verðlaun:

- hvert EFTA-ríki skal tilnefna einn aðila dómnefndar,
- verkefni samtaka í EFTA-ríkjum sem koma til greina við verðlaunaafhendingu,
- full þátttaka í árlegri ráðstefnu og kostnaður skal greiddur á sama grundvelli og fyrir EB-aðildarríkin.

HELIOS II – VINNUÁÆTLUN

FJÁRMÁLAÁÆTLUN

1995

Engin bein fjárframlög frá EB.

EFTA-ríkin skulu greiða:

- allan kostnað varðandi þátttöku sína,
- allan kostnað sem tengist nauðsynlegri þjónustu sem Heliossérfræðingahópurinn veitir, svo sem launa-, ferða- og tækjakostnað sem sérfræðingar þurfa að greiða í kjölfar útvíkkunar áætlunarinnar til EFTA-ríkjanna,
- allan kostnað vegna viðbótarstarfsliðs sem er tilnefnt sérstaklega til að aðstoða við þátttöku EFTA-ríkjanna.

Tillögur vegna viðbótarstarfsliðs:

tveir sérfræðingar skulu tilnefndir í Helios-sérfræðingahópinn í Brussel til að aðstoða við aðgerðir sem tengjast HandyNet, ásamt einum ritara þeim til aðstoðar.

Athugasemd:

Fjármálasérfræðingar EB- og EFTA-ríkjanna munu fyrri hluta ársins 1995 taka til við að semja áætlun fyrir fjárhagsárið 1996, samkvæmt reglum bókuar 32 í samningnum. Þessar umræður munu leiða til lokaákvæðana um fjárframlög EFTA-ríkjanna til almennu fjárhagsáætlunar EB og munu einnig taka til viðbótarstarfsliðs.

1996

Full fjárframlög til fjárhagsáætlunar EB (í samræmi við a-lið 1. mgr. 82. gr. samningsins).

VIÐBÆTIR VIÐ BÓKUN 31 ^{340}

1. EFTA-ríkin skulu taka þátt í aðgerðaáætlun Bandalagsins til meðallangs tíma um jöfn tækifæri fyrir karla og konur (1. janúar 1996 til 31. desember 2000).
2. EFTA-ríkin skulu taka þátt kostnaði í tengslum við áætlunina í samræmi við a-lið 1. mgr. 82. gr. samningsins.
3. EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í nefndum EB sem aðstoða framkvæmdastjórn EB við stjórnun, þróun og framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar sem um getur í 1. mgr.

3. VIÐBÆTIR VIÐ BÓKUN 31 ^{341}

Fjarvirk gagnaskipti milli stjórnsýslustofnana (IDA)

Starfsáætlun

EFTA-ríkin skulu eingöngu taka þátt í eftirfarandi verkefnum og starfsemi sem leiðir af 2. gr. ákvörðunar ráðsins 95/468/EB frá 6. nóvember 1995 um framlag Bandalagsins til fjarvirkra gagnaskipta milli stjórnsýslustofnana í Bandalaginu (IDA):

- að koma tölvupósti á í raun á grundvelli X.400
- viðtæk starfsemi - uppbygging, almenn þjónusta, TESTA
- viðtæk aðgerð - rekstrarsamhæfi innlendra fjarvirknikerfa
- viðtæk starfsemi - almenn þjónusta - eftirlit með tilboðum markaðarins
- viðtæk starfsemi - rekstrarsamhæfi upplýsingaefnis
- viðtæk starfsemi - lagaleg málefni og öryggismál
- aðgerð til að efla og auka þekkingu á IDA
- viðtæk starfsemi - gæðaeftirlit og stuðningur við verkefni

^{340} Viðbætinum var bætt við með ákvörðun nr. 55/96 (Stjtið. EB L 85, 27.3.1997, bls. 64 og EES-viðbætur nr. 13, 27.3.1997, bls. 1), gildistaka 1.5.1997.

^{341} Viðbætinum var bætt við með ákvörðun nr. 98/97 (Stjtið. EB L 193, 9.7.1998, bls. 55 og EES-viðbætur nr. 27, 9.7.1998, bls. 107), gildistaka 13.12.1997.

- TESS (Telematics for Social Security) - fjarvirkni á sviði almannatrygginga = SOSENET (Social Security Network) - net á sviði almannatrygginga

- EURES (EUROpean Employment Services) - atvinnumiðlun Evrópu:

Meta skal hugsanlega þátttöku Liechtensteins í árslok 1997, með fyrirvara um niðurstöðu sameiginlegu endurskoðunarinnar sem vísað er til í 9. gr. bókunar 15 við samninginn.

- EUPHIN (European Union Public Health Information Network) - upplýsinganet Evrópusambandsins á sviði almannaheilbrigðis,

- ANIMO - (Animal Movement) - flutningar á dýrum:

Noregur og Ísland skulu taka þátt allt frá gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem fellir viðeigandi Bandalagsgerðir inn í EES-samninginn. Hugsanleg þátttaka Liechtensteins skal skoðuð í árslok 1998.

- PHYSAN - sameiginleg skrá yfir tegundir.

- PHYSAN - Europhyt:

EFTA-ríkin skulu taka þátt allt frá gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EESnefndarinnar sem fellir viðeigandi Bandalagsgerðir inn í EES-samninginn.

- SHIFT (System to assist the Health Controls of Imports of items at Frontier Inspection posts from Third countries) - kerfi til aðstoðar við heilbrigðiseftirlit á skoðunarstöðvum við landamæri með innflutningi frá þriðju löndum:

Noregur og Ísland skulu taka þátt allt frá gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem fellir viðeigandi Bandalagsgerðir inn í EES-samninginn.

Hugsanleg þátttaka Liechtensteins skal skoðuð í árslok 1998.

- ITCG (Illegal Traffic of Cultural Goods) - ólögleg viðskipti með menningarverðmæti

- SIMAP (Information System for Public Procurement) - upplýsingakerfi fyrir opinber innkaup

- TARIC (Integrated Tariff of the Community) - samræmd tollskrá Bandalagsins

- EBTI (European Binding Tariff Info) - upplýsingar um tollabindingar Bandalagsins

- TRANSIT (Community/Common) - sameiginlegt umflutningskerfi Bandalagsins

- CCN/CSI (Common Communications Network) - sameiginlegt samskiptanet

- EIONET (European Environment Agency Network) - net fyrir Umhverfisstofnun Evrópu

- EMEA (European Medicine Evaluation Agency Network) - net fyrir Lyfjamatsstofu Evrópu:

Noregur og Ísland skulu taka þátt allt frá gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem fellir viðeigandi Bandalagsgerðir inn í EES-samninginn.

- DSIS (Distributed Statistical Information Services) - upplýsingaþjónusta á sviði hagskýrslugerðar

- EXTRACOM

- SERT (Statistiques d'Entreprises et Réseaux Télématiques) - tölfræðilegar upplýsingar um fyrirtæki og fjarvirkninet
- STATEL - almenn þjónusta (viðtæk starfsemi).

I.^{342} VERKEFNI SEM ÞJÓNA SAMEIGINLEGUM HAGSMUNUM

^{343} EFTA-ríkin skulu taka þátt í eftirfarandi verkefnum sem þjóna sameiginlegum hagsmunum á sviði samevrópskra neta fyrir gagnaskipti milli stjórnsýslustofnana sem leiðir af 1. mgr. 3. gr. ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1719/1999/EB, með áorðnum breytingum.

A. ALMENNT

- Frágangur þeirra neta sem þörf er á vegna starfsemi evrópskra skrifstofa og aðila og til styrktar þeim rammaákvæðum sem leiða af stofnun evrópsku skrifstofananna.
 - Frágangur neta á sviðum er varða frjálsa för fólks, að svo miklu leyti sem þess er þörf til að styðja aðgerð samningsaðilanna samkvæmt samningnum.
 - Frágangur þeirra neta, sem innan ramma þessa samnings og við ófyrirséðar aðstæður, brýn þörf er á til styrktar aðgerð samningsaðilanna, m.a. til að vernda líf og heilsu manna, dýra og plantna, réttindi evrópskra neytenda, lífsskilyrði einstaklinga á Evrópska efnahagssvæðinu og grundvallarhagsmunum samningsaðilanna.
- ^{344} Frágangur neta sem auðvelda samstarf milli dómsyfirvalda (þessi liður gildir eingöngu á Íslandi og í Noregi).

B. SÉRSTÖK NET TIL STYRKTAR MYNTBANDALAGI EVRÓPU OG STEFNUMÁLUM BANDALAGSINS OG STARFSEMI

- Fjarvirkninet í tengslum við sjóði Bandalagsins, einkum til að búa til tengibúnað við núverandi gagnagrunni Bandalagsins til að auðvelda aðgang evrópskra samtaka, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, að sjóðum Bandalagsins.
 - Fjarvirkninet á sviði hagskýrslna, einkum í tengslum við söfnun og dreifingu á hagskýrsluupplýsingum.
 - Fjarvirkninet á sviði útgáfu opinberra skjala.
 - Fjarvirkninet fyrir iðnaðinn, einkum í tengslum við upplýsingaskipti á milli stjórnsýslustofnana sem sjá um iðnaðarmálefni og milli slíkra stofnana og iðnsamtaka vegna skipta á gögnum varðandi gerðarviðurkenningu ökutækja milli stjórnsýslustofnana, sem og í tengslum við þjónustu til að einfalda og bæta ferlið við útfyllingu stjórnsýslueyðublaða.
 - Fjarvirkninet í tengslum við stefnu í samkeppnismálum einkum með því að koma á bættum rafrænum gagnaskiptum við innlendar stjórnsýslustofnanir til að auðvelda upplýsinga- og samráðsferli.
- ^{345} Fjarvirkninet á sviði menntamála og menningarmála, upplýsingamála, fjarskipta og hljóð- og myndmiðlunar, nánar tiltekið til að skiptast á upplýsingum um efni sem dreift er á opnum netkerfum og ýta undir þróun nýrrar hljóð- og mynddreifingarþjónustu og upplýsingaþjónustu og frjálsri dreifingu hennar.
- Fjarvirkninet á sviði samgangna, einkum til að auka skipti á gögnum um öikumenn, ökutæki og flutningsaðila.
- ^{346} Fjarvirkninet á sviði ferðamála, umhverfismála, neytendaverndar og heilsugæslu til þess að skiptast á upplýsingum milli ríkjanna sem eiga aðild að þessum samningi.

^{342} Lið I og II var bætt við með ákvörðun nr. 100/2000 (Stjttíð. EB L 7, 11.1.2001, bls. 32 og EES-viðbætur nr. 2, 11.1.2001, bls. 18), gildistaka 15.12.2000.

^{343} Textanum var skipt út með ákvörðun nr. 86/2003 (Stjttíð. ESB L 257, 9.10.2003, bls. 44 og EES-viðbætur nr. 51, 9.10.2003, bls. 29), gildistaka 21.6.2003. Hún kemur til framkvæmda frá 1.1.2003.

^{344} Undirlíðnum var bætt við með ákvörðun nr. 86/2003 (Stjttíð. ESB L 257, 9.10.2003, bls. 44 og EES-viðbætur nr. 51, 9.10.2003, bls. 29), gildistaka 21.6.2003. Hún kemur til framkvæmda frá 1.1.2003.

^{345} Undirlíðnum var skipt út með ákvörðun nr. 86/2003 (Stjttíð. ESB L 257, 9.10.2003, bls. 44 og EES-viðbætur nr. 51, 9.10.2003, bls. 29), gildistaka 21.6.2003. Hún kemur til framkvæmda frá 1.1.2003.

^{346} Undirlíðnum var skipt út með ákvörðun nr. 86/2003 (Stjttíð. ESB L 257, 9.10.2003, bls. 44 og EES-viðbætur nr. 51, 9.10.2003, bls. 29), gildistaka 21.6.2003. Hún kemur til framkvæmda frá 1.1.2003.

- ^{347} Fjarvirkninet sem stuðla að markmiðum verkefnisins 'rafræn Evrópa' og aðgerðaáætlunar sem henni tengist, einkum markmiðum kaflans um beinlínubjónustu hins opinbera í þágu einstaklinga og fyrirtækja.
- ^{348} Fjarvirkninet í tengslum við innflytjendamál, nánar tiltekið með bættum skiptum á rafrænum gögnum milli stjórnvalda landanna til þess að auðvelda upplýsingaskipti og samráð (þessi liður gildir eingöngu á Íslandi og í Noregi).

C. NET MILLI STOFNANA

- Fjarvirkninet til að efla upplýsingaskipti milli stofnana, einkum:
 - til að auðvelda fjöltyngi í upplýsingaskiptum milli stofnana, stjórnun á vinnuflæði við þýðingar og stuðningsgögn við þýðingar, þátttaka/skipti á grunnnum á mörgum tungumálum og skipulagning á sameiginlegum aðgangi að íðorðagagnagrunni, og
 - skjalaskipti milli evrópskra skrifstofa og aðila og evrópskra stofnana.

D. ALÞJÓÐAVÆÐING IDA-NETA

- Útfærsla IDA-neta til EES, EFTA, Mið- og Austur-Evrópu og annarra tengdra landa, sem og sjö helstu iðnríkja heims og alþjóðastofnana, einkum á tryggingar-, heilbrigðis-, lyfja- og umhverfisnetum.

II. ALMENNAR AÐGERÐIR OG RÁÐSTAFANIR

EFTA-ríkin skulu taka þátt í eftirfarandi almennum aðgerðum og ráðstöfunum til að tryggja rekstrarsamhæfi og aðgang að samevrópskum netum fyrir rafræn gagnaskipti milli stjórnsýslustofnana (IDA) og sem leiða af 1. mgr. 3. gr. ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1720/1999/EB:

- almenn þjónusta,
- sameiginlegur búnaður og tækni,
- rekstrarsamhæfi upplýsingaefnis,
- lagaleg málefni og öryggisráðstafanir,
- gæðatrygging og –eftirlit,
- rekstrarsamhæfi við innlend og svæðisbundin framtaksverkefni,
- útbreiðsla á bestu starfsháttum.

4. VIÐBÆTIR VIÐ BÓKUN 31 ^{349}

Fjármagnssjóður EES
Tilhögun framkvæmdar

1. Skilgreiningar

Í þessum viðbæti:

1. er ríkið sem nýtur styrks, ríkið sem tekur á móti styrk frá EFTA/EES-ríkjunum samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2000 frá 22. maí 2000. Í fyrirsvari fyrir ríkið sem nýtur styrks er yfirvald sem verður tilnefnt til að sjá um stjórnun á fjármögnun EFTA/EES í landinu og til að gera samninga um verkefni við nefndina. Ríkið sem nýtur styrks verður fjárhagslega ábyrgt gagnvart EFTA/EES-ríkjunum,
2. er framkvæmdaraðili verkefnisins, stofnunin sem kemur verkefninu á fót. Styrkir eru greiddir til framkvæmdaraðila verkefnisins fyrir meðalgöngu ríkisins sem nýtur styrks,

^{347} Undirlíðnum var bætt við með ákvörðun nr. 86/2003 (Stjttíð. ESB L 257, 9.10.2003, bls. 44 og EES-viðbætur nr. 51, 9.10.2003, bls. 29), gildistaka 21.6.2003. Hún kemur til framkvæmda frá 1.1.2003.

^{348} Undirlíðnum var bætt við með ákvörðun nr. 86/2003 (Stjttíð. ESB L 257, 9.10.2003, bls. 44 og EES-viðbætur nr. 51, 9.10.2003, bls. 29), gildistaka 21.6.2003. Hún kemur til framkvæmda frá 1.1.2003.

^{349} Viðbætinum var bætt við með ákvörðun nr. 47/2000 (Stjttíð. EB L 174, 13.7.2000, bls. 59 og EES-viðbætur nr. 32, 13.7.2000, bls. 8), gildistaka 1.1.2001.

3. er nefndin, stofnunin sem EFTA/EES-ríkin koma á fót til að annast starfsemi sem kveðið er á um í 7. lið,
 4. er eftirlitsaðili, óháður aðili, sem á grundvelli samnings við ríkið sem nýtur styrks, hefur eftirlit með verkefninu og gefur ríkinu sem nýtur styrks og nefndinni skýrslu um það. Eftirlitsaðilinn er tilnefndur af ríkinu sem nýtur styrks á grundvelli tillögu eða mats og samþykkis Fjárfestingarbanka Evrópu og með vilja nefndarinnar.
2. Ríki sem njóta styrkja

Ríkin, sem njóta styrkja, og hlutur þeirra af sjóðnum skal vera eins og fram kemur í töflunni hér á eftir:

Land	1999	2000–2003	Samtals
Spánn	evrur 10 859 680	evrur 59 321 600	evrur 70 181 280
Portúgal	evrur 5 023 200	evrur 16 265 600	evrur 21 288 800
Grikkland	evrur 5 812 560	evrur 16 265 600	evrur 22 078 160
Írland	evrur 1 698 320	evrur 3 827 200	evrur 5 525 520
Breska konungsríkið (Norður-Írland)	evrur 526 240	evrur 0	evrur 526 240
Samtals	evrur 23 920 000	evrur 95 680 000	evrur 119 600 000

3. Form aðstoðarinnar

Aðstoðin skal öll vera í formi styrkja. Ríkinu sem nýtur styrksins er þó heimilt að leggja tillögur fyrir nefndina um að nota hluta af sínum styrk til að lækka vaxtakostnað vegna verkefna sem einkum eru fjármögnuð með lánum. Sérhver slík aðstoð verður einnig veitt í formi styrkja.

EFTA/EES-framlagið má ekki fara yfir 50% af kostnaði verkefnisins, nema þegar um er að ræða verkefni sem eru að öðru leyti fjármögnuð með framlögum úr ríkis-, héraðs- eða sveitarsjóðum, þar sem framlagið má ekki fara yfir 85% af heildarkostnaði. Aldrei má fara yfir hámarksviðmið Bandalagsins fyrir samfjármögnun.

Ábyrgð EFTA/EES-ríkjanna á verkefnum takmarkast við að útvega fjármagn í samræmi við samþykkt áætlun, að því tilskildu að eftirlitsskýrslur staðfesti að framkvæmd verkefnisins sé í samræmi við tillögu um verkefnið.

4. Styrkhæf starfsemi

Heimilt er að fjármagna verkefni á sviði umhverfismála, sem m.a. lúta að endurnýjun þéttbýlissvæða, því að draga úr mengun í borgum og styrkja menningararfleifið í Evrópu, flutningum (að meðtöldum mannvirkjum), svo og að menntun og þjálfun, að meðtöldum rannsóknnum á háskólastigi. Samningsaðilarnir samþykkja að miða að því að úthluta að minnsta kosti 2/3 af heildarupphæðinni til verkefna á sviði umhverfismála, eins og skilgreint er hér að framan.

5. Verkefni

Heildarupphæð sem nemur 119,6 milljón evrum skal vera tiltæk til skuldbindingar sem getur numið 20% á ári, uppsafnað frá 1999. Mismunandi hluta stórra verkefna má leggja fram sérstaklega til fjármögnunar og nefndin mun meta hverja tillögu um verkefni á grundvelli verðleika þess.

6. Kröfur um eftirlit

Eftirlitsáætlun er gerð fyrir hvert verkefni ásamt verkefnisáætlun og tímaáætlun, fjárhags- og greiðsluáætlun. Í henni skulu meginatriði verkefnisins greind. Eftirlitsaðilinn gefur ríkinu sem nýtur styrks og nefndinni skýrslu á mikilvægum stigum verkefnisins, í samræmi við fyrirfram ákveðna áætlun, alla jafna að minnsta kosti einu sinni á ári, þar sem m.a. koma fram eftirfarandi upplýsingar um:

- efnidir á formlegum kröfum um útboð og öflun á leyfum og vottunum,
- framvindu verkefnisins miðað við upphaflega áætlun,

- hvers kyns frávik, ef einhver eru, frá m.a. fjárhagsáætlun, áætlunum um endurgreiðslu, samningum, raunverulegri framkvæmd og fyrirhuguðum verklokum. Afleiðingar fyrir umfang verkefnisins, áætlaðan ávinning og þann tíma sem tekur að ljúka verkefninu. Ráðstafanir til að draga úr afleiðingum af frávikum, þegar við á,
- reikninga verkefnisins,
- hvort framkvæmd verkefnisins uppfylli kröfur um næsta hluta greiðslunnar.

Ef skýrslan er ekki í samræmi við samþykkt áætlun getur nefndin farið fram á viðbótarupplýsingar frá ríkinu sem nýtur styrksins. Spurningum sem takmarkast við útskýringar og beiðnir um upplýsingar sem vantar í skýrsluna er heimilt að beina til eftirlitsaðilans, og skal ríkið sem styrksins nýtur upplýst um það, eins og vera ber. Nefndin getur ákveðið að heimila ekki frekari greiðslur fyrr en skýrslan samsvarar samningnum. EFTA/EES-ríkjunum er heimilt að endurskoða verkefni eins og greint er sérstaklega frá í 13. mgr. 10. liðar.

7. Stjórnskipulag

EFTA-ríkin skulu koma á fót nefnd sem skal:

- samþykkja verkefni til að fjármagna,
- samþykkja eftirlits- og greiðsluáætlun fyrir hvert verkefni,
- hafa eftirlit með allri framvindu aðstoðarinnar, einkum á grundvelli eftirlitsskýrslna,
- heimila greiðslur til styrkþega samkvæmt greiðsluáætlun á grundvelli eftirlitsskýrslna.

Fjárfestingarbanki Evrópu skal:

- meta fyrirhuguð verkefni og gefa ríkinu sem nýtur styrksins skýrslu,
- leggja til, eða meta og samþykkja, eftirlitsaðila í ríkjunum, sem njóta styrkja, sem skulu samþykktir af nefndinni og ríkinu sem nýtur styrks.

Ríkin sem njóta styrkja skulu:

- taka á móti og ábyrgjast verkefni sem á að fjármagna,
- kynna verkefni fyrir Fjárfestingarbanka Evrópu sem skal meta þau og síðan fyrir framkvæmdastjórninni og nefndinni, ásamt mati Fjárfestingarbanka Evrópu.

Framkvæmdastjórnin skal:

Fara yfir og athuga hvort þau verkefni sem lögð eru til samrýmast markmiðum Bandalagsins og einkum reglum um samfjármögnun. Í síðari rannsókninni skulu framlög EFTA/EES-ríkjanna samlöguð fjármögnun Bandalagsins.

Eftirlitsaðilarnir skulu:

- hafa eftirlit með verkefnunum í samræmi við áætlun um skýrslugjöf sem fylgir samþykktri áætlun um verkefni,
- gefa ríkinu sem nýtur styrks og framkvæmdastjórninni skýrslu.

8. Tungumál

Heimilt er að nota öll opinber tungumál EES-samningsins. Ríkið, sem nýtur styrks, eða framkvæmdaraðili verkefnisins skal láta í té enska þýðingu á öllum gögnum sem eru lögð fram fyrir nefndina.

9. Fjárhagslegt fyrirkomulag

EFTA/EES-ríkin skulu bæta 0,5% framlagi vegna mats og eftirlits við hverja greiðslu til ríkisins sem nýtur styrks til viðbótar við upphæðina sem fæst að láni úr samþykktu sjóðnum upp á 119,6 milljón evrur. Allir aðilar skulu greiða eigin stjórnsýslukostnað.

Fjárfestingarbanki Evrópu, sem er ráðgefandi fyrir framkvæmdaraðila verkefnisins eða ríkið sem nýtur styrks, skal leggja gjöld á höfuðstól fyrir þjónustu sína.

EFTA/EES-ríkin skulu koma á viðeigandi fjármálastjórnun. Greiðslur til ríkjanna sem njóta styrkja skulu inntar af hendi á grundvelli fyriræla frá nefndinni sem skal tryggja að þær fari fram á réttum tíma. Áfallnir vextir á sjóði fyrir greiðslu til styrkþega tilheyra þeim sem fjármagna sjóðinn.

10. Stutt vinnslulýsing

1. Framkvæmdaraðili verkefnisins leggur til drög að verkefni við ríkið sem nýtur styrks.
- 2.^{350} Ríkið sem nýtur styrks leggur til drög að verkefninu við framkvæmdastjórnina og nefndina í forsamráði um gildi hugmyndarinnar. Nefndinni er heimilt að veita undanþágu frá forsamráði ef fram kemur rökstudd beiðni frá ríkinu sem nýtur styrks og hlutlægar ástæður eru fyrir hendi.
- 3.^{351} Ef forsamráð leiðir til jákvæðrar niðurstöðu eða undanþága hefur verið veitt frá forsamráði skal framkvæmdaraðili verkefnisins óska eftir mati á verkefninu frá Fjárfestingarbanka Evrópu. Matið skal taka til tæknilegra, efnahagslegra, fjárhagslegra og stjórnunarlegra þátta tillögunnar.
4. Framkvæmdaraðili verkefnisins leggur verkefnaáætlun, að meðtalinni fjárhagsáætlun, greiðsluáætlun, áætlun um eftirlit og matsskýrslu Fjárfestingarbanka Evrópu fyrir ríkið sem nýtur styrks.
5. Ríkið sem nýtur styrks leggur verkefnið, ásamt gögnunum, sem um getur í 4. lið, fyrir framkvæmdastjórnina til að fá staðfest að það sé styrkhæft.
6. Ríkið sem nýtur styrks leggur verkefnið, ásamt gögnunum, sem um getur í 4. lið, samfimis fyrir nefndina til samþykkis.
7. Nefndin getur beiðið um viðbótarupplýsingar eða lagt til að áætlunin um verkefnið verði endurskoðuð, einkum eftirlits-/greiðsluáætlunin. Nefndin samþykkir (endurskoðaða) verkefnið eða veitir rökstudda synjun. Ef það er samþykkt er skuldbindingarbréf þar sem viðkomandi skilmálar eru tilgreindir sent styrkta ríkinu.
8. Samningur er undirritaður milli eftirlitsaðilans og ríkisins sem nýtur styrks á grundvelli eftirlitsáætlunarinnar.
9. Samningur er undirritaður milli framkvæmdaraðila verkefnisins og ríkisins sem nýtur styrks og styrktarsamningur er undirritaður milli ríkisins sem nýtur styrks og nefndarinnar.
10. Fyrsti hluti greiðslunnar sem nemur 10% er greiddur ríkinu sem nýtur styrks að fenginni undirskrift framkvæmdaraðila verkefnisins á samningi við verktakann. Síðari greiðslur fara fram samkvæmt hlutfallslegri greiðsluáætlun, sem endurspeglar raunverulega framkvæmd verkefnisins, í kjölfar fullnægjandi eftirlitsskýrslu og samþykktar framkvæmdastjórnarinnar.
11. Framkvæmdaraðili verkefnisins annast verkefnið og eftirlitsaðilinn gefur ríkinu sem nýtur styrks og nefndinni skýrslu.
12. Ef ekki er hægt að inna af hendi greiðslur samkvæmt áætluninni, geta samráðsviðræður hafist milli ríkisins, sem nýtur styrksins, og nefndarinnar.
13. Ef nefndin, eða endurskoðunarnefnd EFTA óskar eftir upplýsingum umfram þær sem um getur í eftirlitsáætluninni, er þeim heimilt að láta fara fram eigin endurskoðun eða ráða á eigin kostnað utanaðkomandi endurskoðanda til að endurskoða verkefnið. Ríkinu sem nýtur styrksins er heimilt að starfa með endurskoðandanum. Framkvæmdaraðili verkefnisins og sérhver annar aðili sem stýrir verkefninu fyrir hans hönd ber að veita endurskoðanda sama aðgang að upplýsingum og þeir myndu veita innlendum yfirvöldum eða eigin endurskoðendum, eftir því sem við á.
14. Ef þess er krafist í eftirlitsáætluninni skal eftirlitsaðilinn leggja fram skýrslu um lok verkefnisins eða matsskýrslu.

11. Lokaathugasemdir

^{350} Síðasta málsliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 165/2003 (Stjttíð. ESB L 41, 12.2.2004, bls. 69 og EES-viðbætur nr. 7, 12.2.2004, bls. 46), gildistaka 8.11.2003.

^{351} Fyrsta málsliðnum var skipt út með ákvörðun nr. 165/2003 (Stjttíð. ESB L 41, 12.2.2004, bls. 69 og EES-viðbætur nr. 7, 12.2.2004, bls. 46), gildistaka 8.11.2003.

Nýi fjármagnssjóðurinn verður starfræktur á sambærilegan hátt og þróunarsjóðurinn sem áður var við lýði, nema annað sé nauðsynlegt vegna breyttra aðstæðna. Heimilt er að útbúa fylgiskjöl eftir því sem þörf krefur.